

105. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða
25.10.2017

Ísafjarðarbær

MÓTTEKJED

02. nóv. 2017

Málsnr. 2017-02-0094

Frumrit - skilist til skjalasafns

105. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn miðvikudaginn
25. október 2017 að Aðalstræti 21, Bolungarvík og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Nancy Bechtloff (NB) forstöðumaður, Sigríður Gísladóttir (SG) í síma og þórir Sveinsson (PS) í síma. Gestur fundarins var Aðalsteinn Óskarsson (AO), framkv.stj. Fjórðungssambands Vestfirðinga, í síma.

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 104. fundar stjórnar NAVE.

Lögð fram fundargerð 104. fundar stjórnar NAVE frá 18. september 2017.
Fundargerðin staðfest samhljóða.

2. Fjárveitingar til NAVE á fjárlögum ríkisins 2018.

Samkvæmt frumvarpi að fjárlögum ríkisins fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að framlag til NAVE lækki úr 27,8 millj.kr. í 17,7 millj.kr. Samningur aðildarsveitarfélaga NAVE og umhverfisráðuneytisins um rekstur náttúrustofunnar frá 30. nóvember 2012 fellur úr gildi 31. desember nk.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sömu fjárveitingu til allrar átta náttúrustofa landsins og skerðast fjárveitingar um rúmar 10 millj.kr. til NAVE sem og til náttúrustofunnar á Húsavík. Viðbótarfjárveiting til NAVE á árunum 2013-2017 var ætlað að mæta uppbryggingu og rekstri rannsóknarútbús á sunnanverðum Vestfjörðum.

Rætt um afleiðingar af fyrirhugaðri skerðingu fjárveitinga á starfsemi NAVE m.a. með hliðsjón af skýrslu Vestfjarðanefndar og áforma um Vestfjarðastofu og um mögulegar leiðir til að fá leiðréttingu á skerðingu fjárframлага.

Samþykkt að NB og SH semji stutta greinargerð um málið sem send verði til aðildarsveitarfélaga NAVE, þingmanna og stýrihóps um byggðaþróun o.fl.

AÓ upplýsti að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga verður kynnt málið svo og verður það rætt á fundi fulltrúa FV og Fjárlaganefndar Alþingis á komandi vikum.

3. Önnur mál.

- a. Bókari NAVE segir upp störfum. NB greindi frá að starfsmaður Vesturbryggðar sem séð hefur um bókhald stofunnar hafi sagt upp störfum frá og með 1. október sl. NAVE er með verktakasamning við Vesturbryggð um að færa bókhald stofunnar.
- b. Starfsmaður NAVE slasast í vinnu. NB upplýsti að starfsmaður NAVE á sunnanverðum Vestfjörðum hafi slasast við vinnu sína er báтур hafi í olduróti við landtöku skollið á fót hennar. Starfsmaðurinn verður frá vinnu um nokkurn tíma. Óvist er um bætur frá vátryggingafélagi stofunnar.
- c. Næsti stjórnarfundi. Stefnt er að á næsta stjórnarfundi kl. 14:00 þriðjudaginn 21. nóvember nk.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:40.

Smári Haraldsson (sign).

Nancy Bechtloff (sign).

Sigríður Gísladóttir (sign).

Þórir Sveinsson (sign).